

Fimmtudaginn 19. janúar 1995.

Nr. 279/1991.

Selma Ó. Björgvinsdóttir

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

f. h. Þrotabús Ulrichs Falkner

(Jón G. Briem hrl.)

Hjón. Gjaldþrotaskipti. Kaupmáli. Riftun. Málamyndagerningar. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1991. Hann krafðist aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Við málflutning fyrir Hæstarétti féll áfrýjandi frá kröfu sinni um frávísun málsins frá héraðsdómi.

Áfrýjandi rökstyður sýknukröfu sína með því, að allar lýstar kröfur í þrotabú Ulrichs Falkner séu að fullu greiddar. Lagði hann fram nokkur ný gögn, sem hann taldi styðja þá fullyrðingu, skömmu fyrir málflutning í Hæstarétti. Stefndi samþykkti framlagningu hinna nýju gagna, en mótmælti því sem röngu og ósönnuðu, að búið væri að greiða upp lýstar kröfur í þrotabúið. Ekkert liggur fyrir um það af þrotabúsins hálfu, að svo sé, og gegn andmælum stefnda telst það ósannað.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Stefnda var unnt að höfða í einu lagi mál vegna dómkrafna þessa máls og hæstaréttarmálsins nr. 280/1991. Með vísan til 1. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ber að fella niður málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 19. október 1989, upphaflega af Útvegsbanka Íslands hf., sem síðar varð Íslandsbanki hf., vegna þrotabús Ulrichs Falkner, kt. 210737-2949, gegn Selmu Ósk Björgvinsdóttur, kt. 101238-3779, Lynghaga 15, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að rift verði með dómi gjöf Ulrichs Falkner til eiginkonu hans, stefndu Selmu Óskar Björgvinsdóttur, sem fólst í afhendingu andvirðis bifreiðarinnar R-29820, 330.000 kr., til stefndu eftir sölu bifreiðarinnar 21. maí 1988.

2. Að stefndu verði gert að greiða stefnanda 330.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 21. maí 1988 til greiðsludags. Þess er krafist, að áföllnum dráttarvöxtum megi bæta við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 21. maí 1989.

3. Krafist er málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti og þess, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda í málinu. Verði ekki á sýknukröfu fallist, er sú krafa gerð, að hin dæmda fjárhæð beri ekki dráttarvexti, heldur innlánsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts og þess, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. [Sbr. lýsingu málavaxta, málsástæðna og lagaraka í bæjarþingsmálinu 5. apríl 1991, bls. 120.]

Niðurstaða.

Sýknukröfu sína reisir stefnda m. a. á því, að kröfur þær, sem stefnandi, Íslandsbanki hf., áður Útvegsbanki Íslands hf., lýsti í þrotabú Ulrichs Falkner, séu greiddar og því ekki grundvöllur fyrir málshöfðun þessari. Gegn andmælum stefnanda telst fullyrðing þessi ósönnuð.

Ómótmælt er, að gjaldþrotaskiptabeiðni barst skiptaráðandanum í

Reykjavík 10. nóvember 1988, og telst sá dagur frestdagur, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1978.

Stefnda bar fyrir dómi, að jafnvel þótt bifreiðin R-29820 hefði verið skráð á nafn Ulrichs Falkner, hefði hún upphaflega verið keypt fyrir arf, er hún hlaut eftir móður sína, og þegar bifreiðin var seld, hefði andvirði hennar runnið til stefndu til kaupa á annarri bifreið. Upplýst er, að stefnda er skráður eigandi þeirrar bifreiðar.

Af hálfu stefndu hafa engin gögn verið lögð fram í málinu til stuðnings framangreindri fullyrðingu, og gegn andmælum stefnanda telst hún því ósönnuð.

Óumdeilt er, að andvirði bifreiðarinnar, 330.000 kr., rann til stefndu, og er ósannað, að nokkurt endurgjald hafi komið þar fyrir. Með hliðsjón af framansögðu ber að fallast á, að um gjöf hafi verið að ræða, sem riftanleg sé samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 6/1978, enda ekki talið, að 3. mgr. 51. gr. sömu laga eigi við um umrædda gjöf. Ber því samkvæmt framansögðu að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt fyrsta kröfuflið.

Þar sem óumdeilt er, að Ulrich Falkner seldi bifreiðina 21. maí 1988 og að söluandvirði bifreiðarinnar R-29820 nam 330.000 kr., ber með vísan til 62. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt 2. tölulið að öðru leyti en því, að krafa stefnanda um dráttarvexti er ekki tekin til greina, en þess í stað ber stefndu að greiða hæstu innlánsvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, af 330.000 kr. frá 21. maí 1988 til greiðsludags, enda hefur upphafstíma vaxta ekki verið mótmælt.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu einnig að greiða málskostnað, sem ákveðst 105.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Rift er gjöf Ulrichs Falkner til stefndu, Selmu Óskar Björgvinsdóttur, sem fólst í afhendingu andvirðis bifreiðarinnar R-29820, 330.000 kr., til stefndu eftir sölu bifreiðarinnar 21. maí 1988.

Stefnda, Selma Ósk Björgvinsdóttir, greiði stefnanda, Íslandsbanka hf. vegna þrotabús Ulrichs Falkner, 330.000 kr. með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 21. maí 1988 til greiðsludags og 150.000 kr. í málskostnað, og ber málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.